



Ágæti heilbrigðisstarfsmaður,

Garðabær 15. desember 2022

Remsima (infliximab) fræðsluefni fyrir áfylltan lyfjapenna

Yfirfarið af Lyfjastofnun: Nóvember 2022
Dreift til heilbrigðisstarfsmanna: 15. desember 2022
Viðtakendur: Allir sérfræðingar í meltingarsjúkdómum, gigtarsjúkdómum og húðsjúkdómum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.
SmPC og fylgiseðill: Sjá www.serlyfjaskra.is.

Remsima lyfjapennar eru nýtt lyfjaform á íslenskum markaði. Remsima áminningarkort eru hluti af pakkningum Remsima lyfjapenna. Tilgangur kortsins er að minna sjúklinga á mikilvægi öryggisupplýsinganna sem þeir þurfa að þekkja áður en meðferð með Remsima hefst og meðan á henni stendur en mikilvægt er að sjúklingar greini lækni frá sýkingum sem þeir eru með eða fá á meðan meðferð stendur yfir, hvort þeir hafi fengið berkla eða verið í náinni snertingu við einhvern sem hefur verið með berkla og greini lækni barns frá notkun Remsima á meðgöngu eða ef barn er á brjósti. Áminningarkortinu er einnig ætlað að upplýsa heilbrigðisstarfsmenn um meðferð sjúklinga með Remsima.

Upplýsingarnar á áminningarkortinu koma fram aftast í áletrunarkaflanum í Samantekt á eiginleikum lyfs fyrir Remsima lyfjapenna sem finna má á www.serlyfjaskra.is.

Læknum sem ávísa lyfinu ber að fara yfir áminningarkortið með sjúklingum sínum í upphafi og reglulega á meðan meðferð stendur og aðstoða sjúklinga við að skrá á það nauðsynlegar upplýsingar. Vinsamlegast lesið samantekt á eiginleikum Remsima lyfjapenna áður en lyfinu er ávísað.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: <http://www.lyfjastofnun.is> eða í gegnum vefeyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.

Ef spurningar vakna má hafa samband við Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími: 535 7000.

Með bestu kveðju,

Reetta Ässämäki
Nordic Medical Lead
Celltrion Healthcare
Mannerheimin aukio 1A
00100 Helsinki, Finland